

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 2015 máli nr. E-3376/2013:

Baldur Sigurðarson

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald hrl.)

I.

Mál þetta var höfðað þann 2. september 2013 og dómtekið 10. febrúar 2015 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Baldur Sigurðarson, til heimilis að Aratúni 38, Garðabæ, en stefndu eru Slysavarnafélagið Landsbjörg og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. til réttargæslu.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda Slysavarnafélagsins Landsbjargar á líkamstjóni, er stefnandi var fyrir þann 1. janúar 2013. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar, en til vara að hann verði einungis dæmdur skaðabótaskyldur að hluta og málskostnaður verði felldur niður.

Réttargæslustefndi gerir ekki kröfur í málinu en styður máltilbúnað og málsástæður stefnda.

II.

Í máli þessu er deilt um skaðabótaskyldu stefnda, vegna augnskaða sem stefnandi varð fyrir þann 1. janúar 2013, þegar hann tendraði í skottertu í bakgarði við Aratún 36 í Garðabæ, sem hafði þær afleiðingar í för með sér að hann að hann missti sjón á hægra auganu.

Umrædd terta var seld af stefnda, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu fyrir áramótin 2012 og bar heitið „Kaka ársins 2012“. Er félagið með ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf., vegna líkamstjóns af

völdum flugelda.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 11. apríl 2013, var óskað eftir afstöðu réttargæslustefnda til bótaskyldu vegna líkamstjóns stefnanda. Með bréfi, dags. 10. maí 2013, var bótaskyldu hafnað úr ábyrgðartryggingu stefnda Landsbjargar hjá réttargæslustefnda, þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að umrætt slys væri að rekja til ágalla á tertunni eða skaðvænlegra eiginleika hennar að öðru leyti. Vísaði stefndi í svari sínu til frumskýrslu lögreglu og framburðar tjónþola sjálfs í vitnamálinu V-8/2013 og þess að talsvert bæri á milli frásagnar tjónþola og sjónarvotta að slysinu. Stefnandi kærði niðurstöðu réttargæslustefnda, Sjóvár Almennra-trygginga hf. til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Samkvæmt úrskurði nefndarinnar, dags. 14. ágúst 2013, var talið ósannað að flugeldatertan hefði verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð og því væri ekki grundvöllur fyrir bótaábyrgð stefnanda, sbr. 6. gr. sömu laga.

Óumdeilt er að leiðbeiningar voru á umbúðum utan um flugeldatertuna þar sem eftirfarandi kom fram:

Leiðbeiningar fyrir risatertur

- 1. Notist aðeins utandyra.*
- 2. Látið standa á þurrum sléttum fleti í hæfilegri fjarlægð frá húsum og bílum.*
- 3. Opnið kassann en alls ekki taka skottertuna úr honum.*
- 4. Skerið flipana af kassanum og tekið kveikiþráðinn út fyrir.*
- 5. fjarlægjið rauðu öryggishettuna af kveikiþræðinum og kveikið.*
- 6. Vikið vel frá.*

Ath. Hallið ykkur aldrei yfir skottertuna.

ÖFLUGIR SKOTEILDAR. Hætta! Eingöngu til notkunar utandyra á stórum opnum svæðum. Bannað að selja til yngri en 16 ára. Sýnið varkárni, notið hlífðargleraugu og hanska. Geymist á öruggum stað.

Þegar pappakassi utan um tertuna er opnaður kemur í ljós miði með leiðbeiningum þar sem á stendur *Blævangsterta- þarf mikið rými – Þessi óvenjulega terta skýtur bæði upp og til hliðar og því þarf að gefa henni mikið rými.* Er um það deilt í máli þessu hvort slíkur miði hafi verið í hinni umdeildu skottertu.

Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur og Sigurjón Norberg Ólafsson efnafræðingur voru dómkvaddir til að meta og skoða flugeldatertuna „Köku ársins 2012“ með tilliti til hættueiginleika hennar og nauðsynlegs öryggis við gerð hennar og umbúnað. Í matsgerð þeirra, dags. 12. júní 2014, kemur fram á bls. 7, undir kafla 3.2 um rannsókn á skottertu að kveikiþráðakerfi tertunnar sé nokkuð flókið. Sver grænleitur þráður liggja í stuttum spottum milli nærliggjandi hólka og tengi alla hólkana saman í röð. Þessi þráður brenni nokkuð hratt. Mjór grænn þráður liggja sums staðar langar leiðir í pakkanum. Hann brenni hægt og kunni að vera gerður til

öryggis til að leiða bruna fram hjá svæðum í pakkanum ef ekki kviknar á þeim, og einnig til að skapa hlé í sprengingunum. Í þriðja lagi sé svo grár þráður sem liggja langt og beri eldinn hratt. Telja matsmenn að þetta flókna þráðakerfi gegni þeim tilgangi meðal annars, að stýra framvindu mála þegar tertan sé sett af stað.

Lagðar voru spurningar í 12 staflaðum fyrir matsmennina. Meðal annars var lagt fyrir þá að skoða *Hvernig [væri] eðlileg virkni skotelds/skottertu eins og „köku ársins 2012“ frá því að eldur er borinn að kveikiþræði og þar til kakan/tertan hefur skotið öllum skotum?* Í svari matsmanna kemur fram að kveikiþráðurinn sem komi skotkökunni af stað brenni upp á um það bil 10 sekúndum frá því að kveikt sé á enda hans. Á þeim tíma sé auðvelt að ganga til dæmis 10 metra burt frá skottertunni. Eftir að þráðurinn sé bruninn byrji skotin að koma úr hólkunum hvert af öðru.

Matsmenn voru spurðir hvort *kveikiþráðurinn á umræddri tertu/köku [væri]nægjanlega öruggur í þeim skilningi að hann brenni ekki upp hraðar en ætlast er til? ... Hvað [geti] valdið því að kveikiþráðurinn brenni hraðar en ætlast sé til og hvort mögulegt [sé]að hann brenni hraðar en ætlast er til?* Í svari matsmanna kemur fram að þeir sjái ekkert athugavert við kveikiþráðinn á þeim fjórum tertum sem þeir hafi skoðað. Hann brenni á eðlilegum tíma og gefi viðstöddum nægilegan tíma til að færa sig t.d. 10 metra frá tertunni, en ekki miklu lengra nema menn hlaupi.

Um matsspurninguna *hver [væri] hólkvíddin á þeim hólkum sem finna [mætti] í „köku ársins 2012“* vísa matsmenn til töflu frá framleiðanda. Samkvæmt henni sé innanmál hólkana 30 mm og utanmál 37 mm. Eigin mælingar matsmanna staðfesti þessar tölur.

Um umbúðir skottertunnar og hvort þær hafi verið nægjanlega tryggar telja matsmenn að allar umbúðir vörunnar séu að flestu leyti eins heppilegar og hægt sé að hugsa sér. Pappahólkarnir utan um púðrið og önnur efni sem tertan sendi frá sér séu sterkir, beinir og þokkalega langir þannig að þeir beini efninu vel í þá stefnu sem því sé ætlað að fara. Þeir séu vandlega límdir saman í búnt með minnst 30 hólkum í hverju og búntin fest saman með vírum og límböndum. Þetta tryggi að hólkarnir haggist óverulega við skotin, en annars geti stefna þeirra riðlast eftir að skotin byrji.

Um þá matsspurningu hvort leiðbeiningar sem fylgdu kökunni/tertunni hafi verið nægilegar að mati matsmanna til að tryggja öryggi notenda telja matsmenn að leiðbeiningar með umræddri tertu hafi ekki verið fullnægjandi og auk þess að hluta til illa staðsettar.

Í skýrslu sem tekin var af stefnanda þann 25. mars 2013, í vitnamáli nr. V-8/2013, lýsir hann því hvernig hann hafi borið sig að við að tendra á skotkökunni. Hann kveðst hafa stillt tertunni upp um 10 metra frá húsinu. Hann hafi notað kveikjara til þess að kveikja í henni. Það hafi kviknað í þræðinum eins og vera beri, hann hafi bakkað frá tertunni og verið í þann mund að snúa frá henni. Hann hafi verið með sérstyrkt öryggisgleraugu. Tertan hafi sprungið eins og blóm og farið að skjóta. Hún hafi fyrst skotið beint í gleraugun og síðan farið að skjóta í allar áttir. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa lesið viðvaranir sem fram komi á tertunni, en hann hafi lesið leiðbeiningar. Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum við

aðalmeðferð málsins. Staðfesti hann þann framburð sem hann gaf fyrir dóminum 25. mars 2013. Tók hann fram að hann hefði ekki séð neinar aðvaranir inni í tertunni, engan miða. Hann hafi bara séð leiðbeiningar sem voru utan á tertunni. Lýsti hann því fyrir dóminum hvernig hann hefði borið sig að við að tendra á tertunni. Hann hafi kveikt í henni, bakkað og snúið sér frá henni. Tók hann fram að það væri fráleitt að hann hefði beygt sig yfir tertuna.

Ýr Baldursdóttir, eigandi skottertunnar, sem einnig var viðstödd þegar kveikt var í skottertunni gaf skýrslu í greindu vitnamáli nr. V-8/2013, þann 25. mars 2013. Lýsir hún því að skotin úr tertunni hafi farið út um allt og einnig í húsið og að þetta hafi ekki verið eðlilegt. Staðfesti hún framburð sinn fyrir dómi við aðalmeðferð málsins og tók þá einnig fram að vitnið Ragnar Stefán Halldórsson, hefði fyrst kallað á stefnanda um að forða sér frá skottertunni eftir að hún var byrjuð að skjóta

Ragnar Stefán Halldórsson, sem einnig var viðstaddur þegar tendrað var á skottertunni, gaf vitnaskýrslu í fyrrgreindu vitnamáli. Hann sagði tertuna hafa sprungið, en að hann hafi aðeins séð fyrsta skotið. Hann hafi verið að fylgjast með stefnanda skjóta upp tertunni. Stefnandi hafi verið eitthvað að athafna sig í kringum kökuna eftir að hann kveikti í henni. Hann hafi kallað á hann og beðið hann um að koma sér í burtu og þá hafi fyrsta skotið sprungið. Hann hafi þá hlaupið strax til stefnanda og dregið hann í burtu. Tók hann fram að hann hefði aðeins séð fyrsta skotið þar sem hann hefði verið að aðstoða stefnanda. Þá kvaðst vitnið ekki hafa fengið skot í sig þó að hann hefði farið upp að tertunni og tekið í stefnanda. Þá kom fram hjá vitninu að honum hafi fundist stefnandi bera sig „glæfralega“ að og að hann hefði ekki þorað sjálfur að standa svo lengi yfir tertunni eftir að búíð var að kveikja í henni.

Í lögregluskýrslu, dags. 15. janúar 2013, sem rituð er af Ólafi Aroni Tryggvasyni lögreglumanni, er kom á vettvang eftir slysið, er haft eftir fyrrgreindu vitni, Ragnari Stefáni Halldórssyni, að stefnandi hafi kveikt í kveikjuþræðinum á tertunni og síðan farið að færa hana til eftir það. Þá hafi tertan farið af stað og stefnandi fengið skot í vinstra augað. Vitnið Ragnar Stefán Halldórsson gaf einnig skýrslu við aðalmeðferð málsins þar sem hann staðfesti fyrrgreinda atburðarrás. Hann lýsti því að enn hefði verið tertulag á tertunni eftir að hún hafi verið búin að skjóta. Þá tók hann fram að hún hefði ekki sprungið og að hún hefði skotið með eðlilegum hætti. Þegar stefnandi hafi verið búinn að kveikja í kökunni hafi stefnandi fært hana til. Kakan hafi farið af stað á meðan stefnandi færði hana til.

Stefán Ágúst Sigurðsson, gaf símaskýrslu hjá lögreglu þann 15. janúar 2013, vitnaskýrslu í vitnamáli V-8/2013, auk þess sem hann gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Í lögregluskýrslunni kemur fram að vitnið hafi staðið á þaki hússins að Aratúni 38 (á að vera 34) þegar slysið varð. Kveður hann stefnanda hafa kveikt á tertunni, „tók tvö skref afturábak, fór svo aftur að henni og sparkaði 2-3 sinnum í hana og bakkaði svo aftur frá en kom fljótlega aftur að og beygði sig yfir hana um leið og 1-2 skot skutust uppúr tertunni og hæfði amk. annað þeirra hann í andlitið“. Þennan framburð staðfesti vitnið í greindu vitnamáli og við aðalmeðferð málsins. Tók hann fram í vitnamálinu að tertan hefði ekki verið óeðlileg.

Eiríkur Stefánsson gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvaðst hann hafa verið staddur á göngustíg sem liggur fyrir neðan húsgarðinn að Aratúni 36. Hann

hafi verið staddur í um 15 metra fjarlægð frá garðinum. Hann hafi tekið eftir því að tertan sprakk óeðlilega. Hún hafi farið í allar áttir og tekið fljótt af. Hann hafi séð að ekki væri allt með felldu og að það hafi orðið uppi fótur og fit. Hann hafi síðar frétt af málinu í blöðunum.

Þá gáfu skýrslu fyrir dómi matsmennirnir Þorsteinn Vilhjálmsson og Sigurjón Norberg Ólafsson. Einnig kom fyrir dóminn Jón Ingi Sigvaldason, sölu- og markaðsstjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Þá gaf Sigurður Ásgrímsson, sprengjusérfræðingur hjá Landhelgisgæslu Íslands símaskýrslu.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir dómkröfur sínar aðallega á lögum nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Hann hafi viðhaft eðlilegt verklag, þegar hann kveikti á tertunni, farið eftir leiðbeiningum þegar hann kveikti á henni, en galli á tertunni hafi valdið honum varanlegu líkamstjóni. Byggir stefnandi á því að stefndi Slysavarnafélagið Landsbjörg teljist framleiðandi tertunnar samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 25/1991. Þá geti félagið einnig talist dreifingaraðili, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 6. gr. beri framleiðandi hlutlæga ábyrgð vegna tjóns, sem rakið verði til ágalla á vöru, sem hann hafi framleitt eða dreift.

Stefnandi byggir á því að varan hafi verið haldin ágalla þar sem hún hafi ekki verið boðin og kynnt í samræmi við opinberar reglur um öryggi. Leiðbeiningar og aðvaranir, sem fylgt hafi tertunni hafi ekki fullnægt lögum og reglugerðum né verið fullnægjandi út frá sjónarmiðum um neytendavernd. Hafi stefnda verið skylt að hafa ítarlegri og betri aðvaranir á tertunni og haga þeim þannig að hægt væri að sjá þær með skýrum hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 952/2003 og viðauka I með reglugerðinni. Leiðbeiningar á tertunni hafi ekki allar verið í sama ramma á merkimiða eða sýnilegar saman, eins og mælt væri fyrir um í viðauka I. Þá hafi upplýsingar um það hvernig tertan skjóti ekki verið sýnilegar, fyrr en búíð væri að opna kassann utan um tertuna. Það sé ólíklegt að neytandi sjái þessar leiðbeiningar í myrkri. Þá staðhæfi stefnandi enn fremur að hann hafi ekki séð leiðbeiningarnar og telur að slíkur miði hafi ekki verið á umræddri tertu.

Þá tekur stefnandi fram að ekki sé á færi almennra neytenda að átta sig á inntaki orðsins blævangur, auk þess sem ekki hafi komið fram í leiðbeiningum hversu margar gráður tertan skjóti til hliðar. Þá bendir stefnandi á að í töflu 5 í viðauka I með reglugerð nr. 952/2003, um „aðrar merkingar á skoteldum“ komi fram að á skottertum eins og þeirri sem um er fjallað í máli þessu skuli standa „Öryggisfjarlægð 25 metrar“. Slíkur texti hafi ekki verið á tertunni. Enn fremur byggir stefnandi á því að umrædd terta hafi í raun verið hættuleg sprengja og þar með vopn í skilningi 1. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og reglugerðar um sprengiefni nr. 684/1999. Þá vísar stefnandi til 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Telur stefnandi að stefndi hafi ekki prófað vöruna nægjanlega, áður en hún var seld á almennum markaði.

Þá er því byggt að tertan hafi ekki verið eins örugg og með réttu hafi mátt vænta út frá notkun þeirri sem með sanngirni hafi mátt gera ráð fyrir. Byggir stefnandi á því að tertan hafi ekki virkað með eðlilegum hætti. Hún hafi skotið óreglulega og í allar áttir í einu. Þá hafi kveikjuþráðurinn brunnið upp fljótar en við mátti búast, sem hafi leitt til þess að stefnandi náði ekki að koma sér undan í tæka tíð. Varan hafi því ekki verið eins örugg og með réttu hafi mátt vænta. Telur stefnandi sannað að flugeldatertan hafi haft skaðlega eiginleika, hún hafi verið haldin framleiðslugalla, sem hafi gert hana hættulegri en ella.

Stefnandi telur að sýnt hafi verið fram á líkamstjón hans, vegna hinna skaðlegu eiginleika vörunnar, en stefnandi hafi t.d. ekki vitað að tertan myndi skjóta skotum sínum að einhverju leyti skáhallt upp í loftið. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi staðið nær að afsanna ágallann á grundvelli 7. gr. laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Þá byggir stefnandi á því að erfitt geti verið fyrir neytanda að sanna galla á skoteldi. Stefnandi hafi sýnt fram á orsakatengsl milli sprengingar í kökunni og líkamstjóns, sem hann hafi beðið af kökunni og því hvíli á stefnda að tryggja sér sönnun um að varan hafi ekki verið haldin ágalla.

Samkvæmt framansögðu telur stefnandi að umrædd flugeldakaka „Kaka ársins 2012“ sem hafi valdið stefnanda tjóni, hafi verið haldin ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Bendir stefnandi á vanbúnað við meðhöndlun, hættueiginleika og ófullnægjandi leiðbeiningar vörunnar miðað við hættueiginleika hennar. Auk þess hafi flugeldurinn ekki virkað eins og við hafi mátt búast, sem hafi leitt til þess að stefnandi náði ekki að koma sér undan henni í tæka tíð. Beri stefndi alla ábyrgð sem framleiðandi, innflytjandi og dreifingar- og söluaðili kökunnar. Samkvæmt 6. gr. sömu laga sé um að ræða hlutlæga ábyrgð.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Aðalkröfu um sýknu byggir stefndi á því að ekki séu uppfyllt skilyrði þess að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, hvorki á grundvelli reglna um skaðsemisábyrgð né annarra skaðabótareglna. Tjón stefnanda sé eingöngu að rekja til stórfellds gáleysis stefnanda sjálfs og verði stefnandi af þeim ástæðum að bera tjón sitt að fullu sjálfur. Stefndi mótmælir því að allan vafa um málsatvik beri að leggja á stefnda, enda engar þær aðstæður uppi í málinu sem valdi því að slíkt skuli gert. Þvert á móti beri stefnanda að sanna að málsatvik hafi verið með einhverjum þeim hætti að leiði til bótaskyldu stefnda í málinu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að skotkakan hafi ekki verið haldin ágalla í skilningi laga nr. 25/1991 og hafi stefnandi ekki fært sönnur á annað.

Á umbúðum skotkökunnar hafi verið allar þær leiðbeiningar og viðvaranir sem krafist sé á umræddri skotköku. Um sé að ræða skotköku sem falli undir flokk 3D í skilningi reglugerðar nr. 952/2003, um skotelda og hafi merkingar á skotkökunni uppfyllt allar þær kröfur sem reglugerðin mæli fyrir um.

Stefndi mótmælir því að orðið blævangsterta sé illskiljanlegt, auk þess sem engin orsakatengsl séu á milli þess að um blævangstertu sé að ræða og slyss stefnanda þar sem fyrstu skotin í kökunni hafi komið beint upp úr miðju hennar en stefnandi hafi orðið fyrir fyrsta skotinu úr tertunni en ekki skoti sem hafi farið á ská. Því séu engin orsakatengsl milli þessarar gerðar skotkökunnar eða merkinga á henni og slyss stefnanda. Þá mótmælir stefndi því að skylt hafi verið samkvæmt reglugerð um skotelda að merkja þessa skotköku með orðunum „öryggisfjarlægð 25 metrar“.

Stefndi beri sönnunarbyrði um að flugeldurinn hafi verið haldinn ágalla, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 25/1991. Leggja verði til grundvallar framburð vitnanna Stefáns Ágústs, Ragnars Stefáns og Ólafs Tryggvasonar því til staðfestu að skotkakan hafi sprungið á eðlilegan hátt og að eftir að henni hafi verið skotið upp hafi kassinn verið óbrunninn að mestu og skothólkarnir heilir en tómir. Er því sérstaklega mótmælt að skothólkur hafi skotist upp úr tertunni og í andlit stefnanda, eins og haldið sé fram í stefnu. Þá sé ósannað að kakan hafi verið gölluð, að hún hafi hagað sér óvenjulega eftir að kveikjuþráður hennar hafi verið tendraður, að kveðjuþráðurinn hafi brunnið óvenju hratt, hún hafi bilað eða verið rangt samansett í upphafi og þannig verið gölluð.

Stefndi mótmælir því að umrædd skotkaka falli undir skilgreiningu á skotvopni í skilningi vopnalaga nr. 16/1998 eða reglugerðir um sprengiefni nr. 684/1999. Þá er mótmælt tilvísun stefnanda til laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu sem þýðingarlausri. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna taki ákvæði 8. og 9. gr. laganna ekki til vöru sem um gildi sérstök lög eða reglur um öryggi vöru. Um skotelda gildi lög nr. 16/1998 og sett hafi verið sérstök reglugerð um skotelda.

Samkvæmt framansögðu er því mótmælt sem röngu að skotkakan hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur, nægjanlegar öryggisprófanir hafi ekki verið gerðar eða að stefnda hafi mátt vera það ljóst. Telur stefndi ljóst að skotkakan hafi ekki verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991, stefnandi hafi ekki sýnt fram á að stefndi bæri skaðabótaábyrgð á tjóni hans og því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Ástæða slyss stefnanda hafi verið sú að stefndi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi þegar hann vék ekki strax í burtu eftir að hafa kveikt í kveikjuþræði skotkökunnar og þess í stað farið að ýta með fætinum við kökunni sem hann hafði tendrað í og jafnvel beygt sig yfir hana.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda byggir stefndi á því að fella beri bætur niður að fullu vegna eigin sakar stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1991 og almennar reglur um eigin sök tjónþola.

IV.

Niðurstaða:

Dómkröfur stefnanda eru aðallega á því reistar að hann hafi haft eðlilegt verklag þegar hann kveikti á umræddri skotköku „Köku ársins 2012“. Hann hafi farið eftir leiðbeiningum, en skotkakan hafi verið haldin ágalla, í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð, þar sem leiðbeiningar og aðvaranir sem fylgt hafi skotkökunni hafi verið ófullnægjandi, þ. á m. að skort hafi upplýsingar um að öryggisfjarlægð skuli vera 25 metrar þegar kveikt er í slíkum skotkökum. Þá telur stefnandi að skotkakan hafi ekki virkað með eðlilegum hætti. Hún hafi m.a. skotið óreglulega og í allar áttir í einu. Stefnandi byggir enn fremur á því að það standi stefnda nær að afsanna gallana. Byggir stefnandi á því að stefndi teljist framleiðandi skotkökunnar, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 25/1991, eða dreifingaraðili, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá er á því byggt að stefndi beri hlutlæga ábyrgð vegna tjóns stefnda, sbr. 6. gr. laganna.

Stefndi hafnar því að skotkakan hafi verið haldin ágalla í skilningi laga nr. 25/1991. Á umbúðum hennar hafi verið allar leiðbeiningar og viðvaranir sem krafist væri. Mótmælir stefndi því að skylt hafi verið að merkja skotköku þessa með orðunum „öryggisfjarlægð 25 metrar“. Byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi þegar hann vék ekki strax í burtu eftir að hafa kveikt á kveikjuþræði skotkökunnar. Telur stefndi að verði hann talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, byggir stefndi á því að fella beri niður bætur að fullu vegna eigin sakar stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1991 og almennar reglur um eigin sök. Þá beri stefnandi sönnunarbyrði um að skottertan hafi verið haldin ágalla, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 25/1991.

Víkur fyrst að þeirri málsástæðu stefnanda að skotkakan hafi verið haldin ágalla í skilningi laga nr. 25/1991.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 25/1991, telst vara haldin ágalla þegar hún er ekki eins örugg og með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum eftirfarandi:

„1. Hvernig hún var boðin og kynnt. 2. Notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir. 3. Hvenær vöru var dreift.“ Samkvæmt ákvæði þessu má kaupandi vöru vænta þess, að vara hafi verið framleidd og hún boðin og kynnt í samræmi við opinberar reglur um öryggi og önnur atriði. Hann má einnig vænta þess, að vöru fylgi þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem hafa verulega þýðingu fyrir skaðlausa notkun hennar. Samkvæmt þessu ber við mat á ágalla í skilningi ákvæðisins að líta til þess hvernig vara er boðin og kynnt, svo sem með leiðbeiningum á umbúðum eða öðrum stöðum og aðvarana sem lúta að eiginleikum vörunnar og notkun hennar.

Mælt er fyrir um meðferð skotelda í vopnalögum nr. 16/1998. Samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 33. gr. laganna setur ráðherra ákvæði í reglugerð um sölu og meðferð skotelda, þar á meðal getur hann sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda. Í gildi er reglugerð nr. 952/2003 um skotelda með síðari breytingum nr. 1040/2006, 163/2007, 848/2007 og 6/2009.

Í 1. gr. reglugerðarinnar nr. 952/2003 um skotelda þar sem mælt er fyrir um gildissvið, segir að undir hugtakið skoteldar falli, m.a. flugeldar, blys, reyk-, lit-, lyktar- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrauteldar.

Í 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er því lýst að í viðauka I með reglugerðinni, sé nánar fjallað um flokkun skotelda í fjóra flokka og leyfilega notkun hvers flokks fyrir sig. Samkvæmt ákvæðinu falla undir 1. flokk skoteldar sem skapa litla hættu og eru án aldurstakmarkana notenda, undir 2. flokk falla skoteldar sem henta til notkunar utanhúss í húsagörðum eða á minni svæðum, undir 3. flokk falla skoteldar sem henta til notkunar á stórum opnum svæðum og undir 4. flokk skoteldar sem ekki eru fullgerðir og/eða ekki eru ætlaðir til sölu til almennings.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu skoteldar vera með álímdum eða áprentuðum leiðbeiningum á íslensku þar sem fram kemur stutt lýsing á eiginleikum þeirra og hvernig beri að nota þá þannig að sem minnst hætta stafi af. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar um smáa og hættulitla skotelda er að ræða, enda séu þeir seldir nokkrir saman í merktri pakkingu.

Í fyrrgreindum viðauka I með reglugerðinni er einnig mælt fyrir um flokkunarkerfi skotelda. Þar segir að skoteldar skuli merktir með flokkunarnúmeri eftir því sem við verður komið. Þeim sé skipt í flokka 1-3 sem seldir séu til almennings og flokk 4 sem eingöngu sérfræðingum sé heimilt að meðhöndla.

Óumdeilt er að umrædd skotkaka „Kaka ársins 2012“ var felld undir skotelda í flokki 3 og fékk flokkunarnúmerið 3D. Samkvæmt viðaukanum falla undir skotelda í flokki 3, „Skoteldar sem henta til notkunar á stórum opnum svæðum. Um er að ræða skotelda sem skapa nokkra hættu og má eingöngu nota utandyra á vel opnum svæðum. [...] Þegar þessir skoteldar eru notaðir samkvæmt leiðbeiningum ættu þeir ekki að valda meiðslum á fólki sem stendur í 25 m fjarlægð eða meira. [...]“ Í töflu 3 í viðaukanum er síðan að finna nánari flokkun og lýsingu á skoteldum sem teljast til skotelda í flokki 3. Um skotelda af gerðinni 3D er að finna eftirfarandi lýsingu, meginverkun og sérstakar athugasemdir:

„Samtengdir hólkar sem kveikt er í á jörðu. Hver hólkur inniheldur eina eða fleiri knýhleðslur og skoteldseiningar. Skoteldseiningarnar skjótast upp, dreifast mikið, og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða. Sala bönnuð til almennings á skotkökum með hólkvídd meira en 2" að innanmáli, og yfir 25 kg að þyngd. Bannað er að selja skotkökur sem hafa enga aðra virkni en sprengingar eða hafa tvo eða fleiri kveikjuþræði.“

Þá eru sérstök ákvæði um merkingar á skoteldum eftir flokkum. Um flokk 3 segir eftirfarandi í viðaukanum:

„Allir skoteldar og sölueiningar sem innihalda aðeins skotelda í flokki 3 skulu merkt með eftirfarandi texta: „**ÖFLUGIR SKOTELDAR**“. Á skoteldum í flokki 3 skal vera eftirfarandi viðvörðun: „**Hætta – eingöngu til notkunar utandyra á stórum opnum svæðum**“, „**Bannað að selja til yngri en 16 ára**“.“

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna eru þrjú kveikiþræðir í umræddri skotköku. Kemur fram að sver grænleitur þráður liggir í stuttum spottum milli nærliggjandi hólka og tengi alla hólkana saman í röð. Þessi þráður brenni nokkuð hratt. Mjór grænn þráður liggir sums staðar langar leiðir í pakkanum. Hann brenni hægt og kunni að vera gerður til öryggis til að leiða bruna fram hjá svæðum í pakkanum ef ekki kviknar á þeim, og einnig til að skapa hlé í sprengingunum. Í

þriðja lagi sé svo grár þráður sem liggi langt og beri eldinn hratt. Telja matsmenn að þetta flókna þráðakerfi gegni þeim tilgangi meðal annars, að stýra framvindu mála þegar tertan sé sprengd.

Það er því ljóst að umrædd skotkaka hefur að geyma þrjá kveikiþræði, auk kveiks, þar sem kveikt er í skotkökunni, og liggur kveikjan ofan á umbúðunum. Eins og áður greinir er sala til almennings bönnuð á skotkökum þar sem hólkvídd er meiri en 2" að innanmáli, og yfir 25 kg að þyngd. Enn fremur er bannað að selja almenningi skotkökur sem hafa enga aðra virkni en sprengingar *eða hafa tvo eða fleiri kveikjuþræði.*

Í viðauka II með reglugerð nr. 163/2007, um breytingu á reglugerð nr. 952/2003, með síðari breytingum, er að finna eftirfarandi lýsingu á kveikiþræði:

„Hlutur sem samanstendur af tauþræði sem hefur verið húðaður með svörtu púðri, eða öðru slíku skoteldaefni sem brennur hratt, og sveigjanlegri hlífðarkápu, eða hlutur sem samanstendur af kjarna úr svörtu púðri sem er umlukinn sveigjanlegu ofnu efni. Þráðurinn brennur með framrás eftir lengd sinni með utanáloga og er notaður til að senda kveikingu frá búnaði yfir í hleðslu.“

Dómurinn telur að eftir því sem kveikjuþræðir eru fleiri, aukist hættueiginleikar skoteldsins. Það lýsir sér einkum í því að fleira getur farið úrskaiðis þegar skoteldurinn er tendraður, en þegar um er að ræða einn kveikiþráð. Ástæðan er m.a. sú að kveikiþræðirnir geta brunnið upp mishratt eða öðruvísi en ætlað er. Þá getur aukin hætta skapast ef einn kveikiþráður stöðvast, en skotkakan fer síðan af stað aftur vegna tenginga við aðra kveikiþræði.

Samkvæmt matsgerðinni er innanmál hólkanna í umræddri skotköku 30 mm og utanmál 37 mm og þyngd hennar 24 kg. Fullnægir hún að því leyti þeim kröfum sem gerðar er til skottertú sem fellur undir flokk 3 í viðauka I í reglugerð nr. 952/2003. Á hinn bóginn er ljóst að skotkakan hefur þrjá kveikjuþræði, og því er bannað að selja hana almenningi.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að umrædd skotkaka hafi ekki uppfyllti skilyrði til þess að falla undir skotelda í flokki 3 samkvæmt reglugerð nr. 952/2003 um skotelda með síðari breytingum. Hefði sala hennar samkvæmt því átt að vera bönnuð til almennings, eins og reglugerðin mælir fyrir um. Hefði með réttu átt að fella hana undir skotelda í flokki 4, með tilheyrandi aðvörunum og merkingum. Það er því niðurstaða dómsins að skotkakan hafi verið haldin ágalla í skilningi 1. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1991, og að stefndi sem dreifingaraðili vörunnar beri þar með ábyrgð á tjóni sem rakið verður til þess ágalla, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 25/1991.

Kemur þá næst til skoðunar hvort tjón stefnanda verði rakið til fyrrgreinds ágalla á vörunni um ófullnægjandi merkingar hennar eða vegna annars ágalla hennar.

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna kemur fram að þeir hafi ekki fundið neitt athugavert við þá kveikiþræði á þeim fjórum tertum sem þeir hafi skoðað. Þeir hafi brunnið á eðlilegum tíma og gefið viðstöddum nógan tíma til þess að færa sig t.d. 10 metra frá tertunni áður en fyrsta skotið kom úr henni.

Í framburði vitnanna Stefáns Ágústs Sigurðssonar og Ragnars Stefáns Halldórssonar kemur fram að stefnandi hafi ekki forðað sér strax frá skotkökunni eftir að hann tendraði í kveik hennar og að hann hafi fært hana til eftir að hafa kveikt í henni. Þá töldu þessi vitni að skotkakan hefði skotið með eðlilegum hætti.

Vitnin Ýr Baldursdóttir og Eiríkur Stefánsson, hafa á hinn bóginn lýst því að tertan hafi sprungið óeðlilega og að hún hafi skotist í allar áttir.

Að virtu framansögðu og gögnum málsins, er það mat dómsins að ósannað sé að skottertan hafi verið haldin sérstökum ágalla umfram það sem áður greinir um ófullnægjandi merkingar hennar. Á hinn bóginn verður að líta til þess að um var að ræða skoteld sem alls ekki mátti selja almenningi vegna hættueiginleika hans. Miðað við málsatvik má ganga út frá því að stefnandi hafi verið grandlaus um þau atriði. Verður að líta svo á að þessir hættueiginleikar hafi með einum eða öðrum hætti orðið að veruleika umrætt sinn og séu aðalorsök þess tjóns sem stefnandi hlaut.

Þó telur dómurinn að stefnanda hafi mátt vera ljóst að um hættulegan skoteld væri að ræða, með vísan til þeirra leiðbeininga sem voru utan á umbúðunum, einkum um að víkja bæri vel frá eftir að tendrað hefði verið í kveik skottertunnar, og þeirrar viðvörðunar að um öflugan skoteld væri að ræða sem eingöngu væri til notkunar á stórum opnum svæðum. Þykir nægjanlega sannað í málinu að stefnandi sneri ekki frá skoteldinum strax og tilefni var til eftir tendrun hans. Af þessum sökum telur dómurinn að skipta beri sök á milli aðila og er rétt að stefnandi beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur af þessum ástæðum.

Samkvæmt framansögðu er viðurkennt að stefndi Slysavarnafélagið Landsbjörg beri skaðabótaskyldu vegna 2/3 hluta þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir þann 1. janúar 2013.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð, samtals 2.660.000 krónur. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar hrl., sem þykir í ljósi umfangs og eðlis málsins vera hæfilega ákveðin 2.300.000 krónur.

Dóm þennan kveða upp Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari sem dómsformaður og meðdómsmennirnir Hermann Sigurðsson verkfræðingur og Þór Tómasson efnaverkfræðingur.

DÓMSORÐ:

Viðurkennd er skaðabótaskylda, stefnda Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna 2/3 hluta þess líkamstjóns sem stefnandi, Baldur Sigurðarson, varð fyrir þann 1. janúar 2013.

Stefndi greiði 2.660.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Allur málskostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar hrl., 2.300.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

Hermann Sigurðsson (sign.)

Þór Tómasson (sign.)